

Rétt sýnataka:

Nauðsynlegt er að sýnin séu rétt og smitlaust tekin. Þau mega ekki vera menguð af óviðkomandi gerlum, né gerlavirkum efnunum, t.d. fúkkalyfjum.

1. Tölusetjið og/eða merkið HF-VA glösin hverri kú. Passa að nota ekki penna sem þvæst af.
2. Hreinsið umhverfi spenanna. Haldið júgrinu þurru.
3. Þvoið og þurrkið spena og hendur.
4. Mjólkið 3-4 bunur í bolla.
5. Sótthreinsið spenaopið og hendur. Notið t.d. sáravatn, sótthreinsispritt eða jodófór.
6. Spenar og hendur eiga að vera þurrar við sýnatöku.
7. Skrúfið tappann af sýnaglassi (athugið að rétt sýnaglas sé valið) og passið að snerta ekki glasbarminn. Gott er að halda á glasi og tappa í sömu hendi á meðan mjólkað er í glasið. Halda á tappa á hvolfi svo að óhreinindi berist ekki innan á tappann.
ATH: Alls ekki setja tappann í munninn, þar sem hann getur þá mengast af gerlum úr munni.
8. Mjólkið glasið hálffullt. Haldið glasinu nærri láréttu á meðan mjólkað er í það til að forðast að óhreinindaagnir og ryk komist ofan í glasið.
9. Skrúfið tappann þétt á glasið svo að ekki leki úr því.
Þurrkið einnig allar mjólkurleyfar og óhreinindi, ef einhver eru, af glasinu.
10. Endurtaka lið 7-9 fyrir hvern spena sem taka á sýni úr.
Gott er að setja svo teygju utan um þá spena sem tilheyra sömu kú.
11. Vinsamlegast vandið skráningu sýnanna á sýntökublaðið.
Mikilvægt er að fá upplýsingar um öll þau atriði sem eru tilgreind.

Um sendingu sýnanna:

1. Pakkið sýnaglösunum í snyrtilegar umbúðir og látið sýnatökublaðið fylgja.
Minum á mikilvægi þess að fylla allar upplýsingar rétt inn á sýnatökublað.
2. Ekki er ástæða til, í raun óæskilegt, að kæla sýnin niður fyrir sendingu, þar sem reikna má með að sýnin berist rannsóknastofu innan tveggja sólarhringa.
3. Algengast er að sýnin séu send með mjólkurbíl til afurðastöðvar MS, en þaðan er þeim komið til rannsóknastofu. Ef einhver á ferð til ProMat, þá er þeim sama að sjálfsögðu heimilt að koma sjálfur með sýnin til rannsóknastofu. - sjá upplýsingar hér að neðan.
4. Ef spenasýni berast rannsóknastofu fyrir kl. 15:30, fara þau samdægurs í ræktun.
5. Rannsóknafærlið tekur yfirleitt 1 sólarhring og þá liggur einnig fyrir niðurstaða um næmi fyrir penisillíni. Í einstaka tilfellum getur nánari greining á gerlum og staðfesting þeirra tekið 1-2 daga í viðbót.
6. Svar er sent strax og niðurstöður liggja fyrir.
7. Svar er sent á viðkomandi netfang á sýnatökublaði og einnig á viðkomandi dýralækni.